

Fundargerð 77. fundar í stjórn Próunarfélags Keflavíkurflugvallar, sem haldinn var þann 11. apríl 2013, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,
Inga Sólnes,
Friðjón Einarsson
Sigrún Árnadóttir,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,
Anna Steinunn Jónasdóttir, sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Fundargerðin borin upp og samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. *Kaupsamningar*

a. Lindarbraut bygg. #637

Stjórn fjallaði um málið. Farið var yfir fjármögnun og fór framkvæmdastjóri yfir sögu málsins.

Stjórn samþykkti kaupsamninginn samhljóða og telur að miðað við ástand hússins og þær endurbætur sem nauðsynlegar eru, þá er söluverð hússins ásættanlegt.

b. Drúidar

Framkvæmdastjóri fór yfir málið. Stjórn fól framkvæmdastjóra að lagfæra samning samkvæmt tillögu stjórnar og ganga frá málinu.

3. *Sagafilm*

Framkvæmdastjóri kynnti verkefni sem Sagafilm er að vinna að. Stjórn veitti framkvæmdastjóra heimild til að vinna málið áfram og kynna fyrir stjórn þegar verkefnið er farið að skýrast frekar.

4. *Aðstaða fyrir hælisleitendur*

Málið kynnt.

5. *Önnur mál*

a. Háskólavellir

Málið kynnt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

